

**Ed.**

**389. Tillaga**

til þingsályktunar um lán handa klæðaverksmiðjunni á Álafossi.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að lána eigendum klæðaverksmiðjunnar á Álafossi allt að 100 þús. krónur, til að fullkómna verksmiðjuna á ýmsan hátt.

Lánið veitist gegn veði í verksmiðjunni og ábyrgð, er stjórnin tekur gilda, ávaxtist með 5% og greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.